

HEIMAVIST MA OG VMA

Eyrarlandsvegur 28 • 600 Akureyri • sími 455-1600 • Fax 455-1601
www.heimavist.is • heimavist@heimavist.is • Kt. 630107-0160



Skýrsla fyrir skólaárið 2021-2022

Almennt

Lundur rekur nemendagarða fyrir báða framhaldsskólana á Akureyri; annars vegar í byggingu Lundar frá 2003 og hins vegar í eldri byggingu sem áður hýsti Heimavist MA. Byggingarnar eru tengdar saman með björtu og rúmgóðu anddyri.

Lundur er sjálfseignarstofnun sem rekur nemendagarðana á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið (nú Mennta- og barnamálaráðuneytið) frá desember 2001. Samningurinn kveður á um að Lundur tryggi íbúum nemendagarðanna frambærilegt húsnæði til búsetu, öruggar og heimilislegar aðstæður ásamt eftirliti með íbúunum auk viðunandi þvottþjónustu og fullnægjandi mötuneytisaðstöðu. Með samningi við Mötuneyti MA felur Lundur mötuneyti MA að reka mötuneyti og þvottahús á nemendagörðunum samkvæmt þjónustusamningi Lundar við menntamálaráðuneytið (nú Mennta- og barnamálaráðuneytið).

Á nemendagörðum Lundar er rými fyrir 333 íbúa og er þá miðað við að tvímennt sé í öll herbergi á nýju vist, í þrjú stærri herbergi á gömlu vistinni auk níu herbergja á svítum. Hefðbundnu herbergin á gömlu vistinni eru nýtt sem einstaklings herbergi á veturna.

Aðsókn

Þegar lokað var fyrir umsóknir í byrjun júní var aðsóknin svipuð og árið á undan og engir biðlistar. Minni aðsókn undanfarin ár hefur gert það að verkum að hægt er að bjóða einstaklingum upp á að leigja sér tveggjamanna herbergi með baði sem áður hefði ekki staðið til boða. Með þessu móti hefur verið hægt að ná nokkuð góðri nýtingu á húsnæðinu.

Ætlast hefur verið til að íbúar skuldbindi sig til að búa á Heimavistinni yfir skólaárið á meðan þeir halda eðlilegri námsframvindu, enda er góð nýting mikilvæg fjárhagsleg forsenda heimavistarinnar.

Nemendum sem hætta námi eða falla frá námi er þó unnt að segja upp húsaleigusamningi með stuttum fyrirvara.

Gengið er út frá því að ólöggráða nemendur beggja skóla hafi forgang svo og nemendur sem sækja sérnám sem ekki er að finna í þeirra heimabyggð eða nám sem er mikilvægt skólunum. Að þessu frátöldu er lausu rými úthlutað í venjulegu hlutfalli 2/3 MA og 1/3 VMA, þó þannig að skólameistarar og framkvæmdastjóri Lundar leysi sameiginlega úr vandamálum, ef upp koma.

Fjöldi íbúa

Þegar heimavistin hóf starfsemi haustið 2021 voru flest öll herbergi nýtt en líkt og áður eiga þó nokkrar breytingar sér stað á þeirri íbúaskrá sem lagt er af stað með inn í skólaárið.

Ef miðað er við íbúafjölda 1. október 2021 þá voru alls 276 íbúar á heimavistinni eða 109 íbúar í MA og 167 íbúar í VMA. Ef horft er til ársins á undan eru það 13 íbúum færri en á sama tíma 2020.

Kynjahlutfall allra íbúa er svipað og árinu áður eða 54% stúlkur og 46% piltar. Hlutfallið skiptist þannig á milli skólanna: Hjá íbúum VMA voru alls 46% stúlkur og 54% piltar sem er sama hlutfall og á síðasta skólaári. Hjá MA íbúum voru stúlkur 67% og 33% piltar en hlutfall kynjanna var svipað árinu áður.

Ef skoðuð er tafla 1 yfir aldursdreifingu íbúa haustið 2021 (miðað við 1. október) voru 77,5% allra íbúa ólögráða sem skiptist þannig: MA íbúar 81% ólögráða og VMA íbúar 75% ólögráða. Hlutfall ólögráða er heldur hærra en á skólaárinu á undan.

Tafla 1 - Aldursdreifing íbúa í október 2021

	Aldursdreifing allra íbúa	Aldursdreifing MA íbúa	Aldursdreifing VMA íbúa
Íbúar fæddir árið 2006	1%	2%	0,5%
Íbúar fæddir árið 2005	38%	44%	35%
Íbúar fæddir árið 2004	38%	35%	40%
Íbúar fæddir árið 2003	16%	16%	15%
Íbúar fæddir árið 2002	5%	3%	7%
Íbúar fæddir árið 2001	1%	0%	2%
Íbúar fæddir árið 2000	1%	0%	0,5%
	100%	100%	100%

Systkini

Á hverju skólaári dvelja systkini á heimavistinni en þau fá sérstakan systkinaafslátt af húsaleigunni. Skólaárið 2021-2022 bjuggu alls 10 systkinapör (20 íbúar) á heimavistinni.

Lögheimili nemenda

Íbúar sækja heimavistina víða að af landinu og eins erlendis frá eins og tafla 2 sýnir, en hún sýnir flokkun íbúa eftir lögheimilisskráningu í október 2021:

Tafla 2 - Skipting íbúa eftir skólum og lögheimili í október 2021

	VMA íbúar	MA íbúar	Allir íbúar
Suðurland og suðvesturland	9,5%	17%	12%
Vesturland	2%	7%	4,5%
Vestfirðir	5%	6%	5,5%
Norðurland vestra	24,5%	13%	20%
Eyjafjörður (þ.m.t. Siglufjörður)	16%	22%	18,5%
Norðurland eystra utan Eyjafjarðar	17%	15%	16%
Austurland	26%	19%	23%
Erlendis	0%	1%	0,5%
	100%	100%	100%

Skólaárið 2021-2022 voru flestir íbúar frá Austurlandi eða 23% meðan að árinu áður voru þeir jafnmargir frá Norðurlandi vestra og Austurlandi. Flestir VMA íbúar koma frá Austurlandi eða 26% en flestir MA íbúar koma frá Eyjafirði (þ.m.t. Siglufjörður) eða 22%.

Heimili íbúanna

Nemendagarðar Lundar eiga að vera tryggt og öruggt heimili íbúanna og er kappkostað að svo sé enda mikilvægt fyrir íbúa og foreldra/forráðamenn að haft sé eftirlit með hegðan og líðan íbúanna eins og kostur er. Lögð er áhersla líkt og áður á að íbúar temji sér góða umgengni á vistinni, umhirðu herbergja sinna, virði næðistíma á næturna og að öll meðferð áfengis og fíkniefna sé stranglega bönnuð og varði brottrekstur.

Reglum og eftirliti með hegðan og líðan íbúanna var skólaárið 2021-2022 líkt og undanfarin ár fylgt eftir með uppbyggilegum ábendingum og afskiptum eftir þörfum. Fundir með íbúum s.k. gangafundir voru í upphafi skólaársins en þar eru reglur heimavistarinnar m.a. áréttáðar. Gangafundir eru einnig mikilvægur vettvangur fyrir íbúa að hitta aðra íbúa, starfsmenn og einnig fulltrúa í heimavistarráði.

Hjúkrunarfræðingur hafði líkt og fyrri skólaár reglulega viðtalstíma á heimavistinni tvisvar í viku, klukkustund í senn og veitti íbúum aðstoð og liðsinnti um frekari heilbrigðisþjónustu ef á þurfti að halda. Almenn ánægja hefur verið með að geta boðið upp á þessa þjónustu og einnig fyrir forráðamenn að getað heyrt í hjúkrunarfræðingi ef á þurfti að halda.

Hagsmunamál íbúa

Íbúar kjósa sér hagsmunaráð heimavistarinnar, öðru nafni heimavistarráð. Heimavistarráð hefur starfað með framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum og unnið að framgangi sameiginlegra hagsmunamála íbúanna. Þá hefur Heimavistarráð séð um og skipulagt félagsstarf og unnið að undirbúningi viðburða á heimavistinni.

Á skólaárinu 2021-2022 náðist ekki að manna heimavistarráð að fullu í upphafi skólaársins eins og reglur Heimavistráðs kveða á um. Nokkrir dugmiklir íbúar voru þó fulltrúar fyrir aðra íbúa og sáu um að drífa áfram það sem í boði var og miðaðist það við þær takmarkanir sem í gildi voru vegna COVID s.s. með ákveðnum fjöldatakmörkunum og grímuskyldu. Þannig sáu þau um að halda jólakaffi, jólahlaðborð, spilakvöld, páskabingó og vöflukaffi, allt viðburði sem voru vel sóttir af íbúum.

Agamál

Í samstarfi við skólameistara hefur Lundur mótað skýrar vinnureglur um meðferð og afleiðingar áfengisbrota á heimavistinni. Viðurlögin við áfengisbrotum fara eftir eðli brotanna en drykkja íbúa á heimavistinni er brottrekstrarsök. Þá hafa einnig verið mótaðar vinnureglur um meðferð og afleiðingar vímuefnanotkunar sem eru alvarlegustu brotin á agareglum heimavistarinnar.

Á skólaárinu var einum íbúa vísað af heimavist vegna áfengisneyslu. Þá voru nokkur fíkniefnapróf framkvæmd af hjúkrunarfræðingi heimavistarinnar og þurfti í kjölfarið að vísa þremur íbúum af heimavist.

Skipulags- og rekstrarmál.

Á skólaárinu 2021-2022 urðu nokkrar starfsmannabreytingar og þá þurfti að bæta við stöðugildi í kjölfar styttingu vinnutíma hjá starfsfólki og því urðu stöðugildin tíu. Fyrir utan framkvæmdastjóra og þjónustustjóra störfuðu tveir starfsmenn á næturvakt, tveir starfsmenn á skiptum vöktum á daginn og á kvöldin, einn starfsmaður á morgunvöktum, tveir helgarstarfsmenn og einn starfsmaður sem sinnti bæði húsumsjón og næturvörslu.

Í upphafi skólaársins byrjuðu þrír nýjir starfsmenn, starfsmaður á dag- og kvöldvöktum, starfsmaður í húsumsjón og næturvörslu og starfsmaður á helgarvöktum. Eftir áramótin byrjaði einn nýr starfsmaður á dag- og kvöldvöktum.

Líkt og áður unnu íbúar á heimavistinni yfir vetrartímann. Starfið fólst í ýmis konar aðstoð við starfsmann á vakt s.s. við að ryksuga, fylla á lagera o.s.frv. Tveir íbúar störfuðu yfir vetrartímann og unnu að jafnaði alls 2-4 klst. á viku.

Á árinu var ráðist í þó nokkrar endurbætur á nýju vistinni. Þannig var m.a. skipt út öllum blöndunartækjum á sturtum á nýju vistinni og eins var skipt um 30 sturtuklefa. Fyrirhugað er að halda áfram þeirri vinnu og endurnýja sturtuklefa á öllum herbergjum. Þá var farið í að skipta út öllum hurðarlæsingum að herbergjunum á nýju vist.

Á gömlu vistinni var klárað að endurnýja rúmbotna og dýnur fyrir þá „þungu rúmbotna“ sem eftir voru. Alls voru keyptir inn 45 rúmbotnar og dýnur.

Kynningarmál

Á vormánuðum var tekið á móti grunnskólanemendum úr nágretta byggðarlögum í samstarfi við námsráðgjafa skólanna. Alls voru um 200 nemendur sem komu í heimsókn og voru nokkrir íbúar á heimavistinni frá viðkomandi byggðalagi og skóla fengin til að taka þátt í kynningunum með starfsfólki. Þessar kynningar eru líkt og áður mjög mikilvægar fyrir starfsemina.

Áhrif COVID á starfsemi heimavistar

Áhrifa Covid gætti aðeins í byrjun skólaársins. Þannig var grímuskylda þegar að tekið var á móti íbúum og forráðamönnum og reynt var að virða fjarlægðarmörk og hópamyndun eins og reglur sögðu til um. Grímuskylda utan herbergis helst fyrstu mánuði skólaársins og ákveðnar fjöldatakmörkanir. Íbúar gátu því ekki tekið á móti gestum utan vistar fyrir en eftir miðjan september mánuð en grímuskyldan helst lengur.